

Nr. 028 / 14 Sæljós GK 2***Eldur í höfn***

Skipaskr.nr. 1315
Smíðaður: Akureyri 1973 Eik
Stærð: 23,9 brl. 26 bt.
Mesta lengd: 15,8 m Skráð lengd: 14,74 m
Breidd: 4,35 m Dýpt: 2,02 m
Vél: Scania 214 kW, 1987
Fjöldi skipverja:



Sæljós©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. apríl 2014 var Sæljós GK 2 við bryggju í Njarðavík. Veður: Logn.

Tilkynning barst frá vegfaranda til fjarskiptastöðvar lögreglunnar um að eldur væri laus um borð í bátnum en reyk lagði frá reykrori og um hurð á lúkar. Þegar slökkviliðið kom á staðinn var fljótlega ljóst að aðeins var reykur í lúkar bátsins og var því reykræst. Lítilsháttar söt var á þiljum lúkars.

Við rannsókn kom fram:

- að í lúkarnum var Sólóeldavél með rafmagnsblásara og olúskammtara;
- að skipstjóri sagðist hafa verið um borð í bátnum skömmu fyrir atvikið en áður en hann yfirgaf bátinn slökkti hann á eldavélinni með því að skrúfa fyrir olúskammtarann og slökkva á blásaranum. Hann sagðist ekki hafa beðið eftir að eldurinn í vélinni slökknaði áður en hann fór í land og ekki lokað lúkarskappanum því hann hafi ætlað að koma fljótlega aftur;
- að skipstjórinn sagði að vélin hafi verið sóthreinsuð reglulega og alltaf verið í góðu ástandi;
- að slökkviliðsmenn sem komu á vettvang töldu líklegt að sötsprenning hafi orðið í eldavélinni en aðeins voru glæður í henni þegar að var komið;
- að skipstjórinn sagði að hann hefði ekki átt að slökkva á blásaranum þar sem hann ætlaði aðeins að vera skamma stund í burtu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu